



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@myv.is

Fundargerð

Umhverfisnefnd

1 fundur

Fyrsti fundur umhverfisnefndar haldinn að Skútahrauni 16. Mætt voru Sólveig Pétursdóttir, Súsanna Kristinsdóttir, varamaður Péturs Bjarna Gíslasonar og Kári Þorgrímsson sem skrifar fundargerðina.

1. Formaður setti fund og kynnti þau tvö erindi sem nefndinn hafa borist. Þau eru, tillaga samvinnunefndar sveitarfélaga og orkufyrirtækja að stefnu um landnýtingar og verndaráætlun háhitasvæða á norðausturlandi dags. 9. okt. 2006, og erindi sveitarstjórnar varðandi útbreiðslu skógarkerfils í sveitinni.
2. Umhverfisnefnd bendir á að Leirhnjúks og Kröflusvæðið ásamt jarðhitasvæðum beggja vegna Námafjalls eru staðir sem nú þegar hafa mikið hlutverk í ferðapjónustu í Mývatnssveit og að við gerð verndaráætlana er nauðsynlegt að gæta þess að önnur nýting skerði ekki þá möguleika. Að öðru leiti gerir nefndin ekki athugasemdir við áætlunina.
3. Nefndin hefur með viðtölum við umsjónarmenn Höfða og við yfirlandvörð komist að þeirri niðurstöðu að skórkerfill sé ekki útbreiddur í sveitinni en sé þó til staðar, t.d. kringum húsið í Höfða. Nefndin leggur áherslu á að náttúrulegt gróðurfar sveitarinnar verði varðveitt og bendir á að útbreiðsla t.d. skógarkerfils lúpínu og barrtrjáa getur breytt ásýnd sveitarinnar verulega. Nefndi bendir á að þriðji málslíður annars kafla Umhverisstefnu Skútustaðahrepps markar enganvegin nógu skýra stefnu. Nefndin leggur áherslu á að að þessu málefni verði hugað hið fyrsta.

Fleira ekki bókað og fundi slitið.

Sólveig Pétursdóttir
Kári Þorgrímsson
Súsanna Kristinsdóttir

